

Mánudaginn 18. febrúarmán.

Nr. 5/1877:

Rjettvísinn

gegn

Þorsteini kaupmanni Guðmundsen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn Þorsteini kaupmanni Guðmundsen á Akranesi fyrir brot gegn 201. gr. hegningarlaganna, þar sem hann ekki hafi annast um, að neytt væri þeirra bjargarmeðala, sem möguleg voru, til að lifga Jakob nokkurn Tómasson, er datt útbyrðis af þiljubátnum Napoleon 31. októbermán. 1875, og með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Borgarfjarðarsýslu að Hjarðarholti 18. nóvembermán. 1876, er hinn ákærði dæmdur í 100 króna sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, þá til að sæta 30 daga einföldu fangelsi, svo er hann og dæmdur til að greiða allan málskostnað, en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik málsins eru þau, að 31. októbermán. 1875 fór þiljubáturinn Napoleon, sem er eign hins ákærða, ofan af Akranesi til Reykjavíkur; á bátnum voru: Þórður nokkur Stefánsson sem formaður og 4 hásetar, þar á meðal nefndur Jakob Tómasson; hinn ákærði var einnig á bátnum, og annar kaupmaður, sem leigt hafði bátinn. Þegar þeir voru komnir suður á miðjan Hvalfjörð gjörði logn, og var þá farið að róa Napoleon áfram með skipsbátnum, en af því það gekk tregt, ljet hinn ákærði, þegar komið var suður á Kollafjörð, róa sig upp í Engey til þess að fá þar aðstoð til að róa Napoleon áfram. Meðan hinn ákærði var í Engey, vildi svo til, að Jakob Tómasson datt útbyrðis af þiljubátnum, en náðist bráðlega aptur, og var dreginn upp á þiljur; var hann síðan lagður á grúfu yfir hlerann yfir

lestinni, og rann þá upp úr honum talsvert af sjó, og lá hann þar þegar hinn ákærði kom aptur úr Engey. Af því hinum ákærða þótti róðurinn hafa gengið linlega meðan hann var burtu, setti hann þórð Stefáns-son frá formennskunni og tók við henni sjálfur. Eng-eyingar rjeru síðan Napoleon inn fyrir Engey; kom þá kaldi nokkur, og ljet hinn ákærði Engeyinga þá fara, en bað þá um leið að flytja Jakob upp í Engey, og bauð þeim borgun fyrir; en þeir voru ófáanlegir til þess, af því að þeir hefðu andróður og yrðu því lengur að komast upp í Engey, en Napoleon til Reykjavíkur, enda væri hægra að leita honum þar læknishjálpar og hjúkrunar en í Engey. Eptir stutta stund komst Napoleon inn á Reykjavíkur höfn, og þegar búið var að festa hann og bjarga seglum, ljet hinn ákærði flytja Jakob í land, en þangað til hafði hann legið á þilfarinu án þess neitt væri gjört til að hjúkra honum. Þegar komið var í land með Jakob, var hann enn með lífi; var þá læknis vitjað og Jakob fluttur til bæjar, en þegar þar var komið var hann örendur.

Undirdómarinn hefur álitið, að hinn ákærði hafi gjört sig sekan í vítaverðu hirðuleysi í að bjarga lífi optnefnds Jakobs Tómassonar, og að hann því hafi orðið brotlegur gegn 201. gr. hegningarlaganna, með því ekki að neyta neinna þeirra meðala, er fyrir hendi voru, til að lífga hann við, en þessa skoðun getur yfirdómurinn ekki að öllu leyti fallist á. Þess ber þá fyrst að geta, að hinn ákærði ekki var viðstaddur þegar Jakob datt útbyrðis, en þegar hann var kominn út á skipið aptur, var Jakob farinn að hressast svo, að hann komst á hnjein og var með nokkurri rænu; ákærða, sem var mjög hræddur um skipið og líf skipverja, ef skipið eigi sem fyrst gæti lagst við akkeri, virðist því nokkur vorkun, þótt hann metti mest að bjarga skipinu og skip-

verjum og því eigi gæfi því nákvæmar gætur, hvort lífi Jakobs kynni að vera nein bráð hætta búin, því fremur sem veður var frostlaust og ekkert kalt, og Jakob þar að auki var drukkinn þegar hann datt útbyrðis, svo ekki var auðvelt að dæma um, hvort fremur var orsök í ástandi hans það, að hann datt í sjóinn, eða ofnautn áfengra drykkja. Enn fremur er það upplýst, að engin föt voru til á skipinu nema þau, sem skipverjar stóðu í, og enginn rúmföt, því í rúmunum niðri í skipinu var einasta hálmur og nokkrir pokar, en eigi er upplýst, að ákærði hafi vitað af þeim. Loks gjörði hinn ákærði tilraun til að fá Engeyinga til að flytja Jakob upp í Engey, og þegar þeir neituðu því, ljet hann flytja Jakob í land í Reykjavík undireins og skipið hafði hafnað sig og búið var að festa það og bjarga seglunum. Hve langur tími hafi liðið frá því Jakob datt útbyrðis þangað til hann var fluttur í land, er ekki nákvæmlega upplýst, en það virðist hafa verið um 2 klukkustundir. Að hinn ákærði ekki ljet gefa Jakob neitt lífgandi inn, þó á skipinu væri til bæði kaffi og brennivín eða romm, virðist ekki nægt til að sakfella hann, þar sem hann ekki er læknisfróður maður, og því ekki gat vitað, hvort kaffi eða brennivín væri Jakobi hollt í því ástandi sem hann var. Samkvæmt því, sem þannig hefur verið tekið fram, fær yfirdómurinn ekki sjeð, að nægar ástæður sjeu til að heimfæra breytni hins ákærða undir 201. gr. hegningarlaganna, og ber því að dæma hann sýknan af ákærum sóknarans í máli þessu; aptur á móti ber hinum ákærða að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12 krónur handa hvorum.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinnn ákærði, Þorsteinn kaupmaður Guðmundsen, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu. Þar á móti ber honum að greiða allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal í málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og cand. juris Kristjánss Jónssonar, 12 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 20/1887: Jón Jónsson á Steinum

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar.

Dómur:

Þann 18. desember 1876 var af fúgetarjetti Reykjavíkur kaupstaðar gjört lögtak hjá tómt húsmanni Jóni Jónssyni á Steinum fyrir 5 kr. 39 a. sem ógoldnu tómt húsgjaldi til bæjarsjóðsins fyrir árið 1875 af tómt húsi hans Steinum á Selslóð í Reykjavík ásamt lögtakslaunum 50 aorum, og hefur tjeður Jón Jónsson áfrýjað lögtaksgjörð þessari og krafizt, að hún verði dæmd ómerk, og til vara, að lögtakið verði úr gildi fellt, samt málskostnað í báðum tilfellum.

Hin stefnda bæjarstjórn Reykjavíkur hefur þar á móti krafizt, að hún verði sýknuð af kröfum áfrýjanda, en hin áfrýjanda lögtaksgjörð látin standa óröskuð.

Ómerkingarkröfu sína hefur áfrýjandi byggt á neitun sinni um, að lögtakið hafi verið birt fyrir fram á löglegan hátt, en til stuðnings varakröfu sinni hefur hann talið, að hið um rædda lóðargjald sje gjald af fasteign, sem verði að hvíla á jarðareigandanum, nema bein heimild sje til þess að leggja það á þann, er hef-